

1. Móttaka tilkynninga, frumskoðun og flokkun mála

1.1. Tilkynningar frá matvælafyrirtækjum

Þegar tilkynning um sjúkdómsvaldandi örverur hefur borist og mál stofnast skv. VLY-115, fá fagsviðsstjóri örverufræðilegra viðmiða (FS-ÖV), fagsviðsstjóri eftirlits búfjárafurða (FS-EB) og sérgreinadýralæknir súna og lyfjaónæmis (SD-SL) tilkynningu og verða sjálfkrafa aðilar máls. FS-ÖV er ábyrgðaraðili við tilkynningu.

Ábyrgðaraðili (FS-ÖV) skoðar tilkynninguna og flokkar undir viðeigandi málslykil:

- 8.9.1. Listería í matvælum tilbúin til neyslu og FS-ÖV er ennþá ábyrgðaraðili
- 8.9.2. Listería í umhverfi eða hráefnum og FS-ÖV er ennþá ábyrgðaraðili
- 8.9.3. Salmonella í matvælum og FS-ÖV gerir FS-EB að ábyrgðaraðila
- 8.9.4. Campylobacter í matvælum og FS-ÖV gerir FS-EB að ábyrgðaraðila
- 8.9.5. STEC í matvælum og FS-ÖV gerir FS-EB að ábyrgðaraðila
- 8.9.6. Aðrar örverur í matvælum og FS-ÖV er ennþá ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili (FS-ÖV eða FS-EB) tengir viðkomandi eftirlitsaðila við málið og skoðar hvort þurfi að upplýsa aðra starfsmenn. Ábyrgðaraðili bætir nafni fyrirtækis framman við heiti málsins.

Fagsviðsstjórar eftirlits skrá skilaboð í Ís-leyf undir viðkomandi fyrirtæki svo eftirlitsaðilar geti fylgt málinu eftir, m.a. fara yfir viðbrögð fyrirtækisins.

Ef tilkynnandi/fyrirtækið er undir eftirliti HES er tilkynning áframsend úr málakerfi á viðkomandi heilbrigðiseftirlit undir „Áframsenda tilkynningu“. Tilkynnandi er upplýstur um að tilkynningin hafi verið áframsend til viðkomandi HES (hafður í cc) og málinu lokað.

Töflu með upplýsingum um netföng mismunandi HES svæða má finna á innri vef MAST.

1.2. Tilkynningar frá rannsóknarstofum

Ár hvert er stofna FS-ÖV og FS-EB safnmál undir málalyklinum „8.9.7. Tilkynningar frá rannsóknarstofum“ með heitinu „(örvera) í matvælum 20XX – Rannsóknarstofur“, viðskiptavinur er Matvælastofnun.

FS-ÖV, FS-EB og SD-SL vakta innhólf netfangsins jakvaett@mast.is og færa tölvupóst með tilkynningu um örverur í matvælum undir viðeigandi mál í málakerfi. Færa skal niðurstöðublaðið úr tölvupósti rannsóknarstofunnar undir viðeigandi mál sem stofnast þegar matvælafyrirtækið hefur sent tilkynningu.

2. Öflun upplýsinga frá eftirlitsþega og aðgerðir

Ábyrgðaraðili metur málið og gerir eitt eða fleira af eftirfarandi:

- Ef atvikið er ekki talið alvarlegt, hægt að afgreiða málið án frekari upplýsinga og aðgerðir ekki nauðsynlegar, er tilkynningin áframsend á viðkomandi eftirlitsaðila (á fagsviðsstjóra eftirlits (FS-E), (fiskeftirlits, eða búvörueftirlits, skelfisk, vatns, hérar, eftir því hver varan er) og málinu lokað (skv. lið 5 í VLY-115).
- Ef það er þörf á frekari upplýsingum frá eftirlitsþega kallar ábyrgðaraðili eftir þeim með tölvupósti til viðkomandi, s.s. hvað varðar viðbrögð fyrirtækis gagnvart kaupendum (viðbrögð gagnvart öllum kaupendum, innlendir og erlendir), þrífaaðgerðir og sýnatökur (matvæli og umhverfi), sjá mikilvæg atriði í GAT-062: Örverur í matvælum – Rannsókn máls og viðbrögð. Yfirskrift tölvupóstsins skal vera „Vegna tilkynningar um sjúkdómsvaldandi örverur í matvælum – (nafn“

fyrirtækis). Óskað er eftir staðfestingu á móttöku tölvupóstsins og vistað undir málinu í málakerfinu.

- Ef málið er talið alvarlegt og krefst tafarlausra aðgerða fyrirtækisins og/eða MAST, hefur ábyrgðaraðili máls tafarlaust samband við ábyrgðarmann fyrirtækisins símleiðis og í tölvupósti og fer fram á viðhlítandi viðbrögð og úrbætur í samræmi við leiðbeiningar MAST um matvælaöryggi. Yfirskrift tölvupóst skal vera: „ÖRYGGISATRIÐI – Tilkynning um sjúkdómsvaldandi örverur í matvælum – (nafn fyrirtækis)“. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum sem varða öryggi vörunnar er fyrirtækinu gefinn stuttur frestur (samdægurs eða á/fyrir hádegi næsta dag) til að veita þær. Óskað eftir staðfestingu á móttöku bréfs og vistað undir málinu í málakerfi.

Viðbrögð við alvarlegum málum skulu ávallt ákveðin í samráði við eftirlitsaðila og sviðsstjóri Neytendaverndar upplýstur. Ef sjúkdómsvaldandi örverur eru yfir viðmiðunarmörkum skv. reglugerð um örverufræðileg viðmið, eða að mat ábyrgðaraðila er að örverur í viðkomandi matvælum geti skapað hættu fyrir neytendur þarf að grípa til aðgerða í samræmi við tl. 2.1. Hafi varan verið flutt á erlenda markaði þarf að upplýsa viðkomandi land í gegnum hraðviðvörðunarkerfi RASFF - ACN

Ef nauðsynlegt er að afla afurðasýna er umsvifalaust farið í eftirlit (helst óboðað) þar sem viðeigandi ráðstafanir og úrbætur eru ræddar, sýni tekin af framleiðsluvörum og eftir atvikum úr umhverfi.

2.1. Vara dregin af markaði (sölustöðvun) og innköllun

Matvælafyrirtæki skulu skv. matvælalögum hafa “verklag um innköllun” í gæðahandbók, og ber þeim jafnframt að birta frétt ef um innköllun er að er ræða.

Haft er samband við eftirlitsþega símleiðis og nauðsynlegar aðgerðir ræddar. Höfðað er til ábyrgðar framleiðanda um að grípa til tafarlausra viðbragða, sbr. stöðva dreifingu vöru, draga hana af markaði eða innkalla (sbr. lög um matvæli nr. 93/1995 – grein 8.gr c).

Símtalinu er fylgt eftir með tölvupósti, sbr. bréfasniðmát í málakerfi: „Innköllun – Sjúkdómsvaldandi örverur í matvælum“. Óskað er eftir staðfestingu á móttöku bréfsins og fyrirtækinu gefinn stuttur frestur til að senda inn umbeðnar upplýsingar.

Þegar ákvörðun um innköllun tekin, tekur VLY-107 “innköllun vöru af markaði” við innköllunarferlinu.

Ef upplýsingar berast ekki innan tiltekins frests er málinu fylgt eftir með símtali eða heimsókn eftirlitsaðila. FS-E tekur ákvörðun um hvaða eftirlitsmaður heimsækir fyrirtækið. Alltaf skal fylgja málinu eftir með gerð skýrslu í Ís-Leyf. sbr. Skráð er „Alvarlegt frávik“ undir skoðunaratriði „7.2.1 – Kvartanir, innkallanir og tilkynningarskylda“ í Skoðunarhandbók og gefinn frestur, ef við á.

2.1.1. Þvingun

Verði eftirlitsþegi ekki við beiðni MAST um að grípa til úrbóta og eftir atvikum, stöðva dreifingu vöru, skrifar ábyrgðaraðili máls bréf um fyrirhugaða ákvörðun í samræmi við stjórnsýslulög (skv. VLY-003). Bréfið (t-póstur) er sent á ábyrgðarmann matvælafyrirtækis þar sem úrbóta er krafist, veittur andmælaréttur og kærufrestir tilgreindir, ef einhverjir eru, sbr.

Kærufrestur innan 14 daga.

„Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.“

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku bréfsins (t-póstur). Ef umbeðnar upplýsingar um tilhlýðilegar úrbætur berast ekki innan tiltekins frests, er málinu fylgt eftir með símtali eða heimsókn eftirlitsaðila.

Í alvarlegum tilfellum fundar Matvælaöryggishópur (FS-ÖV, FS-E og SD-SL) um málið.

2.2. Máli lokað og frágangur

Mikilvægt að skrifa minnisblað um lokaniðurstöðu í málið áður en því er lokað. Á minnisblaði skal einnig koma fram skýrslunúmer í Ís-leyfi ef við á. Ef önnur mál hafa verið stofnuð í tengslum við þessa tilkynningu þarf að tryggja að þau mál hafi verið tengt við málið.